

Lífeyrissjóður bankamanna

Fjárfestingarstefna

Aldursdeildar

2026



Fjárfestingarstefna Aldursdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna

Í samræmi við reglugerð nr. 916/2009 og nr. 591/2017 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóður bankamanna, Aldursdeild

Lífeyrissjóður bankamanna hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans en starfsemi hans má rekja aftur til ársins 1929. Hinn 1. janúar 1998 breyttist nafn sjóðsins og starfsemi var skipt í tvær deildir, Hlutfallsdeild og Stigadeild sem nú er Aldursdeild. Aðildarfyrirtæki Aldursdeildar eru Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Valitor hf., og Lífeyrissjóður bankamanna.

Réttindaákvæði

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktar sem síðast voru staðfestar af fjármálaráðuneytinu 20. september 2024.

Lífeyrisréttindi sem aldursdeild veitir eru ævilöng og geta greiðslur á hálfum eða fullum lífeyri hafist frá 65 ára og allt til 80 ára aldurs. Auk þess á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri ef hann verður ófær um að gegna starfi því er veitt hefur honum aðild að sjóðnum og örorka er metin a.m.k. 40%, makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris. Makalífeyrir er greiddur í tvö ár, eða meðan yngsta barn sem sjóðfélagi hafði á framfæri er undir 23 ára aldri eða ef maki sjóðfélaga er öryrki.

Réttindi sem áunnin voru í Stigadeild eru varðveitt óbreytt í Aldursdeild.

Lífeyrisréttindi sem aflað er eftir breytingu samþykktar 1. janúar 2008 ráðast af því iðgjaldi sem greitt er inn til sjóðsins og aldursbundnum réttindatöflum. Lífeyrisréttindi eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Uppfylli sjóðfélagi skilyrði um iðgjaldagreiðslur er við ákvörðun örorku- og makalífeyrisréttar miðað við þau réttindi sem sjóðfélagi hefði aflað ef hann hefði greitt til sjóðsins fram til 67 ára aldurs.

Framangreind ágríp samþykktar er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til 3. og 4. greinar samþykktar um aðild að sjóðnum, 18. - 20. greinar um iðgjöld og grundvöll lífeyrisréttinda, um 21. - 24. greinar samþykktar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris og réttindaákvæði og til 25. greinar um geymd réttindi. Um breytingu réttindakerfis 2008 og útgreiðslu til séreignar er fjallað í 37. grein.


Tryggingafræðileg staða

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunnar í lok árs 2024 sýnir að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum reiknast 107.609,5 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna og rekstrarkostnaðar 107.086,2 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því 523,3 milljónir, eða 0,5% af skuldbindingum.

Staða deildarinnar var því innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í l. 129/1997 en þar eru hámark vikmarka milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% fyrir stöðu samfellt í fimm ár. Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákveðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykktar er að finna almennt ákvæði um að jöfnuður skuli vera milli eigna og skuldbindinga.


Markmið og forsendur ávöxtunar

Höfuðmarkmið Lífeyrissjóðs bankamanna er að ávaxta eignir sjóðsins til að standa undir lífeyrisskuldbindingum hans og hámarka réttindi sjóðfélaga. Ávöxtun fjármuna Aldursdeildar skal vera í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Haga skal ávöxtun eigna deildarinnar með þeim hætti að samspil ávöxtunar og áhættu sé sem hagkvæmast og meginþungi fjárfestinga skal vera á skipulögðum mörkuðum. Fjárfestingarstefna Aldursdeildar tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga deildarinnar.




Mynd 1: Iðgjöld og lífeyrir

Á mynd 1 sést að iðgjaldagreiðslur eru talsvert hærri en lífeyrisgreiðslurnar og samkvæmt útreikningum byggðum á tryggingafræðilegri athugun má gera ráð fyrir að svo verði áfram næstu ár.



Mynd 2: Vænt greiðsluflæði

Á mynd 2 má sjá útflæði deildarinnar vegna lífeyris og innflæði vegna verðbréfa með fastar tekjur og iðgjalda. Á myndinni sést að hreint greiðsluflæði er áætlað jákvætt næstu árin. Ekki er tekið tillit til fjárstreymis vegna annara eigna s.s. hlutabréfa og hlutdeildarskírteina með óreglulegar tekjur. Þó lífeyrisbyrði deildarinnar hafi hækkað nokkuð telst hún þó enn lág sem styður þá niðurstöðu að horft sé til lengri tíma við val á fjárfestingum.



Mynd 3: Vænt lífeyrisbyrði

Eins og sjá má á mynd 3 er lífeyrisbyrði lág en mun fara hækkandi. Deildin er ung og því lágt hlutfall sjóðfélaga sem komnir eru á lífeyri. Á árinu 2025 er lífeyrisbyrði áætluð 67% og fer hækkandi á komandi árum. Áætlað er að lífeyrisbyrði verði orðin 100% árið 2030.

Siðferðileg viðmið

Lífeyrissjóður bankamanna hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Stefnunni er ætlað að skilgreina viðmið sem gera sjóðnum kleift að samþætta samfélagslega ábyrgð við fjárfestingarákvarðanir hans eftir því sem kostur er og styðja þannig við greiningu, samanburð og mat á fjárfestingakostum. Er í því sambandi horft til umhverfismála, mannréttinda, samfélagsmála og stjórnarhátta og tillit tekið til þessara þátta eftir því sem fært er og að því marki sem rúmast innan fyrrgreinds höfuðmarkmiðs sjóðsins um hámarkun réttinda sjóðfélaga.

Sem fjárfestir mun Lífeyrissjóður bankamanna beita sér eftir því sem kostur er í þeim tilgangi að hafa uppbyggileg áhrif á háttsemi fyrirtækja og stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í enda telur hann slíkt samrýmast hagsmunum sjóðfélaga. Lífeyrissjóður bankamanna getur ákveðið að styðja aðgerðir annarra fjárfesta þegar atvik koma upp er snúa að þessum sviðum ásamt því að beita sér sjálfur ef eignarhald sjóðsins í viðkomandi fyrirtæki gefur tilefni til, með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf og stefnu þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í.

Þegar um er að ræða fjárfestingar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu hefur Lífeyrissjóður bankamanna væntingar til þess að eignastýringaraðilar sem sjóðurinn er í viðskiptum við beiti sér eftir því sem við á með sambærilegum hætti gagnvart fjárfestingum sínum. Er kannað hvort eignastýringaraðilar sjóða hafi sett sér stefnu varðandi ábyrgar fjárfestingar áður en fjárfest er í viðkomandi sjóðum. Slík stefna er ekki skilyrði fjárfestingar í viðkomandi sjóði og fram fer mat á grundvelli heildarmarkmiða sjóðsins.

Þegar um er að ræða beinar fjárfestingar í félögum er m.a. horft til upplýsingagjafar fyrirtækja varðandi stjórnarhætti og atriða sem að þeim snúa á sviði umhverfismála og samfélagslegra málefna með áherslu á þau svið sem eru viðeigandi viðkomandi rekstri. Er þar einkum horft til upplýsingaskyldu skráðra fyrirtækja sbr. 66. gr. d. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.


Tengist fyrirtæki broti á sviði umhverfismála og samfélagslegra málefna að áliti lögbærra yfirvalda er það markmið sjóðsins að beita sér sem eigandi þannig að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í því skyni að tryggja að látið sé af viðkomandi háttsemi. Ef slíkar aðgerðir bera ekki fullnægjandi árangur mun sjóðurinn taka til skoðunar sölu viðkomandi eignarhlutar í heild eða að hluta og getur við viðvarandi eða ítrekuð brot útilokað einstakar fjárfestingar þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.

Það er mat stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna að samþætting samfélagslegrar ábyrgðar við fjárfestingarákvarðanir leiði jafnan til betri ákvörðunartöku og samrýmist því vel höfuðmarkmiði sjóðsins.

Lífeyrissjóður bankamanna hefur, ásamt 12 öðrum íslenskum lífeyrissjóðum, skrifað undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um stórauðnar fjárfestingar í verkefnum sem tengjast hreinni orku og umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Með yfirlýsingunni, sem var formlega kynnt á lofslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow, bætast lífeyrissjóðirnir 13 í hóp fjölda norrænna og breskra lífeyrissjóða sem gefið hafa út sambærilegar yfirlýsingar. Einkum verður horft til sjálfbærrar orkuframleiðslu og tengdra verkefna s.s. aukinnar notkunar hreinnar orku í samgöngum og atvinnustarfsemi.

Með þátttöku í CIC vill Lífeyrissjóður bankamanna styðja við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og er þátttakan liður í stefnu sjóðsins um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Grænar fjárfestingar beggja deilda nema nú þegar um 7,5 milljörðum króna samanlagt eða um 6,2% af eignasöfnum sjóðsins, þar af er bein eign Aldursdeildar 3,8 milljarðar króna eða 4,8% af eignum deildarinnar liggur í grænum fjárfestingum. Gert er ráð fyrir því að grænar fjárfestingar sjóðsins aukist um rúma 10 milljarða króna á tímabilinu og stefnt að því að hlutfall grænna fjárfestinga nái a.m.k. 10% af eignum árið 2030.

Samsetning deildarinnar



Mynd 4: Aldursdreifing skuldbindingar m.v. tryggingafræðilega úttekt 2023

Í árslok 2024 greiddu 1.589 sjóðfélagar iðgjöld í Aldursdeild sjóðsins en 6.407 sjóðfélagar eiga geymd réttindi í Aldursdeild. Alls fengu 663 lífeyrisþegar greidd eftirlaun, 213 fengu greiddan örorkulífeyri, 21 fengu greiddan makalífeyri og 33 barnalífeyri. Meðalaldur virkra sjóðfélaga er 44,3 ár og meðalaldur óvirka sjóðfélaga er 48,0. Þá er meðallíftími skuldbindinga deildarinnar 23 ár.

Áhættugreining eigna og skuldbindinga

Lífeyrissjóður bankamanna hefur innleitt áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sem byggir á ákvæðum laga, reglugerða og tilmælum FME um virka áhættustýringu lífeyrissjóða. Meginmarkmið stefnu sjóðsins er að auka öryggi í rekstri með því að greina og stýra áhættu í fjárfestingum, ásamt því að stuðla að því að lögum, reglum og samþykktum sjóðsins sé fylgt. Fjárfestingastefna sjóðsins er hluti af áhættustefnu hans.

Í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu er skilgreint hvernig áhætta er metin og hún vöktuð í reglulegri starfsemi sjóðsins, en auk þess ber stjórn ábyrgð á árlegu eigin áhættumati sjóðsins.

Mat á áhættu eignasafns er byggt á mati á áhættu einstakra eignaflokka og fylgni þar á milli, þar sem einnig er tekið tillit til ytri áhættuþátta í hagkerfinu þ.m.t. varðandi verðbólgu og gengi. Við mat á einstökum fjárfestingum er áhætta fjárfestingarinnar metin með hliðsjón af þeim eignaflokki sem hún tilheyrir, m.a. hvað varðar gæði, öryggi, lausafjárstöðu og arðsemi. Við mat á hlutabréfum er m.a. horft til sjóðstreymis, fjárhagslegrar stöðu, rekstrarafkomu og viðeigandi kennitalna eftir því sem við á hverju sinni m.t.t. eðli starfsemi og rekstrarumhverfis. Við mat á skuldabréfum er lagt mat á skilmála hvers bréfs fyrir sig m.a. tryggingaveð, fjárhagslega stöðu útgefanda, greiðslugetu, lánshæfismat, rekstrarafkomu eftir því sem við á hverju sinni m.t.t. eðli starfsemi og rekstrarumhverfis. Þá hefur sjóðurinn sett mörk um heildaráhættu á hvern útgefanda.

Skerðingaráhætta

Hættan á að skuldbindingar vaxi meira en eignir og að skerða þurfi réttindi. Samkvæmt 39. gr. laga um lífeyrissjóði skal hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur sé á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er sjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunnar í lok árs 2024 sýnir að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum reiknast 107.609,5 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna og rekstrarkostnaðar 107.086,2 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því 523,3 milljónir, eða 0,5% af skuldbindingum.

Staða deildarinnar var því innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í l. 129/1997 en þar eru hámark vikmarka milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% fyrir stöðu samfellt í fimm ár. Samþykktir

Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákveðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykktar er að finna almennt ákvæði um að jöfnuður skuli vera milli eigna og skuldbindinga.

Iðgjaldaáhætta

Snörp lækkun á iðgjöldum getur haft áhrif á framreikning og leitt til þess að tryggingafræðileg staða versni nokkuð. Samkvæmt samþykktum sjóðsins greiða starfsmenn aðildarfélaga til sjóðsins skv. samningum sem dregur úr líkum á lækkun iðgjalda. Hinsvegar hefur störfum hjá fjármálafyrirtækjum fækkað á undanförunum árum og er útlit fyrir að sú þróun geti haldið áfram en mikil fækkun starfa hjá aðildarfyrirtækjum sjóðsins myndi hafa neikvæð áhrif á iðgjöld sem hefði þó óveruleg áhrif á tryggingafræðilega stöðu.

Umhverfisáhætta

Greiningaraðilar benda á að verðbólga hafi reynst þrálát og haldist nálægt 4% það sem af er ári og spáð er að hún verði á bilinu 4,3 – 4,5% næstu mánuði áður en hún fer hægt lækkandi undir 4% á fyrri hluta næsta árs. Húsnæðisliðurinn, einkum reiknuð húsaleiga, vegur enn þungt til hækkunar og óvissa um þróun hans er áfram mikil. Þá hefur hækkun á þjónustuliðum aukið undirliggjandi verðbólgu, þó lækkun á flugfargjöldum og eldsneytisverði hafi dregið tímabundið úr verðbólguþrýstingi. Greiningaraðilar telja að verðbólga muni ekki ná markmiði Seðlabanka Íslands á spátímanum og að vaxtalækkunarferlið muni því ganga hægar en áður var vonast til.

Undanfarna mánuði hefur rekstrarumhverfi fyrirtækja orðið óstöðugra vegna pólitískrar óvissu. Hækkun t.d. veiðigjalda, kolefnisgjalda og vörugjalda hafa aukið kostnaðarbyrði fyrirtækja og torvelað áætlanagerð til lengri tíma. Þessar breytingar hafa keðjuverkandi áhrif í atvinnulífinu. Ferðaþjónusta og tengdar greinar, einkum á landsbyggðinni, finna fyrir auknum kostnaði og samdrætti í tekjum. Talið er að áformað kílómetragjald geti eitt og sér hækkað verð á bílaleigubílum um 12–17% sem veikir samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar og bitnar helst á svæðum fjarri þéttbýli. Þetta mun hafa neikvæð áhrif á uppgjör innlendra fyrirtækja.

Þá hafa tolladeilur við helstu viðskiptalönd skapað óvissu en nýleg áform um tolla ESB á iðnaðarvöru frá Íslandi kunna að ógna útflutningsgreinum og samkeppnishæfni þeirra. Samspil þessara þátta hefur leitt til þess að fyrirtæki sýna af sér aukna varkárni í ákvörðunum og meta ný verkefni út frá hærri ytri áhættu með því að draga úr framkvæmdum eða ráðningum.

Greiningaraðilar benda á að horfur hafi versnað í íslenskum útflutningsgreinum þar sem framleiðsluskerðingar í ál- og kísilmálmverksmiðjum, minni uppsjávarafli og veikari horfur í ferðaþjónustu hafi dregið úr útflutningsvexti. Óvissa ríkir um áframhaldandi starfsemi sumra stóriðjuvera og áhrif þess gætu orðið umtalsverð á gjaldeyristekjur þjóðarbúsins. Þá eru merki um að

eftirspurn í helstu útflutningsgreinum hafi kólnað og að ytri aðstæður, svo sem hægari hagvöxtur á helstu mörkuðum, þrýsti á afkomu útflutningsfyrirtækja. Greiningaraðilar gera ráð fyrir að útflutningur vöru og þjónustu gæti dregist saman um 2–3% á næsta ári. Þessi þróun undirstrikar mikilvægi þess að fylgjast vel með alþjóðlegum markaðsaðstæðum og viðhalda varfærni í fjárfestingum sem tengjast útflutningsdrifnum atvinnugreinum.

Lýðfræðileg áhætta

Mikilvægustu lýðfræðilegu breyturnar hvað varðar þróun skuldbindinga eru örorkutíðni og væntur lífaldur eftir 67 ár.

Ef örorkulíkur hækka um 10% hefur það neikvæð áhrif á áfallna tryggingafræðilega stöðu um sem nemur -0,16% , -0,68% á framtíðastöðu og tryggingafræðileg heildarstaða myndi því versna um sem nemur -0,29% að öðru óbreyttu við auknar örorkulíkur.

Auknar lífslíkur hafa einnig mikil áhrif á tryggingafræðilega stöðu Aldursdeildar og lækkar áfallin staða um -4,25%, framtíðarstaða um -4,32% og heildarstaða um -4,27% ef dánartíðni lækkar um 20% að öðru óbreyttu.

Réttindaflutningsáhætta

Lífeyrissjóður bankamanna rekur eingöngu samtryggingardeild og þar sem óheimilt er að flytja samtryggingarréttindi sjóðfélaga á milli lífeyrissjóða er þessi áhætta ekki til staðar.

Seljanleikaáhætta

Litlar líkur eru á því að deildin neyðist til að selja eignir til að mæta útstreymi á næstu árum, en ef til þess kæmi er stærstur hluti eigna deildarinnar í skráðum, auðseljanlegum verðbréfum sem auðvelt væri að losa innan fárra daga eða vikna.

Útstreymisáhætta

Lífeyrisbyrði er lág enda er deildin ung og áætlað er að nettó innstreymi verði í sjóðinn næsta áratuginn sem sést á mynd 3. Áætlað er að lífeyrisbyrði verði orðin 100% árið 2030 og eftir það mun fjárstreymi af eignum og sölu þeirra standa í vaxandi mæli undir lífeyrisgreiðslum.

Mótaðilaáhætta

Sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi (e. credit exposure). Þegar litið er til undirliggjandi eigna mælast stærstu mótaðilar í eignasafni Aldursdeildar:

- Íslenska ríkið: (A+)¹
- Búseti: (A)²

- Íslandsbanki: (BBB+)¹
- Landsbankinn: (A-)¹
- Reitir: (A)²¹
- Arion banki: (A3)³
- Reykjavíkurborg: (A+)²
- EIK: (A)²
- Lánasjóður Sveitafélaga: (A-)²
- ALMA Íbúðafélag: (A)²
- Heimar: (A+)²²

Íslenska ríkið er metið með A+ hjá S&P og Aaa hjá Moody's. Landsbankinn er metinn með A- og Íslandsbanki með BBB+ hjá S&P en Arion banki er með A3 hjá Moody's. Ath. Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, t.d. skuldabréf Íbúðalánasjóðs, flokkast undir íslenska ríkið.

Sambjöppunaráhætta

Sambjöppunaráhætta er skilgreind sem heildaráhætta eignasafns af tilteknum mótaðila og aðilum tengdum honum. Sambjöppunaráhætta felur þannig í sér samanlagða áhættu eigna og samninga sem annaðhvort eru útgefnir af mótaðila eða fela í sér útlánaígildi á hann, þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf, afleiður og aðrir fjármálagerningar. Í þessu sambandi er litið á tengda aðila sem sama aðilann, en tengdir aðilar teljast vera þeir aðilar sem eru hluti af sömu samstæðu, tengdir vegna sterkra eigna- stjórnunar eða fjölskyldutengsla eða tengdir vegna mikillar innbyrðis fylgni t.d. vegna sterkra viðskiptatengsla.

Samanlögð áhætta vegna innlendu bankanna mælist um 11% þegar horft er til undirliggjandi eigna Aldursdeildar. Þá eru um 2,4% af eignasafni í formi sértryggðra skuldabréfa.

Landsáhætta

Hættan á að fjárfestingar sjóðsins séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Landsáhætta er víðtækari en pólitísk áhætta og nær til fjölmargra þátta sem einkenna einstök landsvæði, t.d. gjaldeyrisstefnu, hagvaxtar, ríkisfjármála og líka á átökum á atvinnumörkuðum, borgarastyrjalda eða styrjalda milli nærliggjandi landa. Skattalegt umhverfi og samkeppnislöggjöf eru einnig þættir sem horft er til, ásamt almennu lagaumhverfi og verndun eignarréttar.

¹ S&P 500

² ALM lánshæfismat

³ Moody's

Langstærsta áhættan á einstakt landsvæði er á Ísland, en um 67,5% eignasafnsins eru Íslensk verðbréf. Erlend verðbréf sjóðsins eru dreifð á mörg landsvæði og einstök erlend landsvæði vega því lítið í eignasafni deildarinnar.

Afhendingar- og uppgjörsáhætta


Afhendingaráhætta er sú áhætta að uppgjör viðskipta sé ekki í samræmi við fyrirmæli, t.d. vegna þess að mótaðili afhendir ekki verðbréf eða greiðslu. Afhendingaráhætta er einnig skilgreind sem sú áhætta að eignir tapist vegna gjaldþrots (eða greiðslufalls) vörsluaðila, þ.e. þegar eignir sjóðsins eru í vörslu þriðja aðila. Því er mikilvægt að tryggð hefur verið að að eignir í vörslu eru fjárhagslega óháðar vörsluaðila verðbréfa. Innri eftirlitsferlar sjóðsins varðandi uppgjör viðskipta eru virkir.

Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Ef vextir lækka getur það leitt til lægri kaupkröfu nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga (endurfjárfestingaráhætta). Þessari áhættu er hægt að stýra með hlutfalli fastra vaxta og breytilegra, uppgreiðanlegra skuldabréfa og óuppgreiðanlegra, líftíma skuldabréfa og hlutfalli skuldabréfa í safni sjóðsins.

Uppgjör deildarinnar miðast að verulegu leyti við kaupkröfu skuldabréfa og því hafa breytingar á markaðsvöxtum lítil áhrif á uppgjörsvirði eigna hennar

Skuldabréfaeign deildarinnar er að stofni til löng verðtryggð skuldabréf og sé miðað við uppgjör á markaðsvirði er næmni eignasafns gagnvart breytingum á verðtryggðum markaðsvöxtum eins og á myndinni hér að neðan.




Uppgreiðsluáhætta

Stærstur hluti skuldabréfa Aldursdeildar er án uppgreiðsluheimildar. Uppgreiðsluheimild skuldabréfa felur í sér uppgreiðsluáhættu fyrir sjóðinn. Hættan er sú að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjaldþaga og að sjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem gert var ráð fyrir. Sjóðfélagalán eru um 3,5% af eignasafni og eru almennt uppgreiðanleg án uppgreiðslugjalds. Önnur uppgreiðanleg skuldabréf eru rúm 13% af eignasafni og bera þau nær öll uppgreiðslugjald.

Verðbreytingaráhætta

Aldursdeild Lífeyrissjóðs bankamanna hefur það markmið að ná 3,5% meðalraunávöxtun til lengri tíma með að hámarki 1,5% frávík á VaR eignasafns frá VaR fjárfestingastefnu m.v. uppgjör á kaupkröfu. Vænt nafnávöxtun núverandi eignasafns reiknast 9,1% m.v. uppgjör skuldabréfa á kaupkröfu og árlegt staðalfrávík 6,5% á árinu. Sé miðað við markaðskröfu reiknast vænt nafnávöxtun 10,4% og staðalfrávík ávöxtunar 7,1%.



Mynd 5: Dreifing væntrar nafnávöxtunar

Mynd 5 að ofan sýnir líkindadreifingu nafnávöxtunar eignasafns að gefinni þeirri forsendu að ávöxtun sé normaldreifð með staðalfrávík byggð á sögulegum gögnum um flókt og fylgni.

Gjaldmiðlaáhætta

Hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (t.d. styrking ISK) rýri verðmæti eigna deildarinnar mælt í íslenskum krónum. Erlend verðbréf eru um 32,5% af eignasafni. 10% styrking íslensku krónunnar á móti erlendum myntum, að öðru óbreyttu, myndi hafa í för með sér um -2,3% lækkun tryggingafræðilegrar stöðu.

Ósamræmisáhætta

Hættan á ósamræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar. Dæmi um áhættuþátt er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Ýmsar eignir hafa þó eiginleika óbeinnar verðtryggingar. Hætta á ósamræmi

eigna og skuldbindinga Aldursdeildar felst fyrst og fremst í markaðsáhættu óverðtryggðra eigna og mótaðilaáhættu, en verðtryggingarhlutfall deildarinnar er um 40%.

Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hættu að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna. Þessari áhættu er t.d. hægt að stýra með verðtryggingarhlutfalli eignasafns og verðbólguafleiðum. Verðtryggingarhlutfall er um 40% en áætlað er að 10% hækkun vísitölu neysluverðs, að öðru óbreyttu, myndi þýða lækkun tryggingafræðilegrar stöðu um u.þ.b. -3,9%.

Áhætta vegna eigna utan efnahags


Áhætta utan efnahags takmarkast við skuldbindingar í sjóði en óinnkallaðar skuldbindingar eru samtals um 2.080 m.kr. og koma til greiðslu á næstu 3-4 árum. Nánar er fjallað skuldbindingar deildarinnar í skýringu 19 í ársreikningi sjóðsins.

Eignasamsetning 1. október 2025 og vænt ávöxtun 2026

Í töflu að neðan má sjá eignasamsetningu Aldursdeildar miðað við 1. október 2025. Frekari sundurliðun á eignum er að finna í fylgiskjali I.

	Staða
A Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)	8,5%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)	3,5%
B Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)	6,2%
Innlán (B.b)	3,0%
Sértryggð skuldabréf (B.c)	3,2%
C Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)	1,2%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)	25,9%
D Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)	17,6%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)	6,1%
Hlutabréf félaga (E.a)	12,5%
E Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)	12,3%
Fasteignir í aðildarríki OECD eða EES eða Færeyjum (E.c)	0,0%
F Afleiður sem draga úr áhættu (F.a)	0,0%
Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður (F.b)	0,0%
	100%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	32,5%

Heildareign sjóðsins í eignaflokkunum „Hlutabréf félaga“ og „Hlutdeildarskírteini og hlutir um sameiginlega fjárfestingu E.b.“ skiptsst skv. kökuritinu hér að neðan.



Vænt ávöxtun og markaðshorfur

Verðbólga hefur verið umfram viðmið Seðlabankans að undanfögnu en að mati Seðlabankans og annarra greiningaraðila mun hún fara lækkandi á árinu og eru nýlegar verðbólguþspár nokkuð samhljóða og liggja á bilinu 3,2% - 3,9% fyrir næsta ár.

Gengi íslensku krónunnar hefur mikil áhrif á verðbólgu, en undanfarið ár hefur gengi hennar á móti gengisvísitölu styrkst um u.þ.b. 4% sem skýrist að miklu leyti af veikingu dollars en gengi á móti evru hefur styrkst um u.þ.b. 1,5% á árinu. Markaðsaðilar eru almennt frekar jákvæðir á stöðu þjóðarbúsins og að Seðlabankinn muni áfram vera virkur á markaði í því skyni að draga úr skammtímasveiflum á gengi krónu og vonir eru um að gengi krónu muni haldast frekar stöðugt á næsta ári.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur flökt nokkuð á árinu en er almennt ekki fjarri þeim gildum sem voru við upphaf ársins. Markaðsaðilar eru nokkuð sammála um að vaxtalækkunarferlið muni halda áfram þótt líklega muni það vera hægt. Verðtryggð krafa hækkaði almennt árinu sem og verðbólguálag hefur sigið á lengri enda vaxtarófsins samhliða því. Verðtryggður vaxtaferill er niðurrhallandi frá u.þ.b. 3,4% á styttri enda4 niður í tæplega 3% á lengri enda. Óverðtryggður vaxtaferill er niðurrhallandi frá u.þ.b. 7,5% niður í um 6,7% á lengri enda.

Árið sem er að líða hefur verið viðburðaríkt á hlutabréfamarkaði sem hefur endurspeglast í miklu flökki heildarvísitölu. Markaðurinn tók vel við sér við upphaf ársins en seinni hluti ársins hefur einkenst af óvissu og áföllum sem leiddi til snarpra lækkana og mikils flökts. Ávöxtun heildarvísitölu kauphallarinnar undanfarin 5 ár svarar til rúmlega 10% árlegrar ávöxtunar. Líklegt er að lækkanir á hlutabréfamarkaði séu að mestu afstaðnar og að horfur fyrir íslensk hlutabréf séu frekar jákvæðar þrátt fyrir hátt, og hægt lækkandi, vaxtastig. Þá eru væntingar til að ávöxtun íslenskra hlutabréfa að teknu tilliti til arðgreiðslna verði um 12%, sem þýðir rúmlega 5% áhættuálag hlutabréfa á áhættulausa vexti.

Hægt hefur verulega á hækkunum á markaðsverði innlendra fasteigna sem hafa verið að jafnaði um 10% á ári síðustu 5 árin, mælt með heildarvísitölu FMR. Hátt vaxtastig er þó farið að bíta á fasteignamarkaðinum og þótt líkur séu á að vaxtalækkunarferli sé hafið mun það líklega taka fasteignamarkaðinn nokkurn tíma að taka við sér aftur af fullum krafti. Á næsta ári telja greiningaraðilar líklegt að nafnverðshækkun á fasteignamarkaði verði um 4%, sem myndi jafngilda um 0,5% raunhækkun miðað við verðbólguvæntingar.

Viðmið fyrir erlend hlutabréf er heimsvísitala Morgan Stanley, en Bloomberg safnar saman væntingum greiningaraðila á væntri ávöxtun eftir landsvæðum og birtir meðaltalsspá þeirra. Vænt ávöxtun erlendra hlutabréfa byggir annars vegar á meðaltalsspám greiningaraðila og hins vegar á vægi landsvæða í heimsvísitölu Morgan Stanley.

Mat á væntri ávöxtun eignaflokka til lengri tíma byggir á sögulegri ávöxtun og mati greiningaraðila. Skráðar vísitölur eru notaðar til að endurspegla helstu verðbréfaflokka. Þegar vænt markaðsávöxtun eignasafns er áætluð er jafnframt tekið tillit til samsetningar safnsins t.d. til hlutfalls óskráðra hlutabréfa í hlutabréfasafni og meðallánshæfis skuldabréfasafns í samanburði við lánshæfi ríkisbréfa.

Íslenskar eignir	Viðmið	m.v. uppgjör á kaupkröfu	Vænt nafnávöxtun m.v. markaðsuppgjör	Söguleg áhætta	Vegin áhætta ¹
Innlán	OMXI3MNI	8,00%	7,40%	6,81%	3,19%
Stutt óverðtryggð bréf	OMXI1YNI	5,80%	7,50%	1,43%	1,74%
Löng óverðtryggð bréf	OMXI5YNI	7,30%	8,00%	4,46%	4,24%
Stutt verðtryggð bréf	OMXI5YI	7,50%	7,50%	3,32%	2,93%
Löng verðtryggð bréf	OMXI10YI	7,40%	8,50%	5,40%	4,30%
Hlutabréf	OMXI10GI	12,00%	12,00%	18,80%	19,24%
Fasteignir	FMRTOT	7,00%	4,00%	3,06%	1,95%

Erlendar eignir	Viðmið				
Lánshæf skuldabréf	LBUSTRUU	4,5%	4,2%	7,81%	7,57%
Hávaxta skuldabréf	IBOXHY	6,0%	5,5%	8,40%	8,17%
Hlutabréf	MSCI	10,0%	10,0%	13,60%	13,37%
Fasteignir	DWGRST	4,0%	5,0%	16,22%	15,16%
Hrávörur	ROGRTR	5,0%	5,0%	13,92%	12,44%

¹Vísisvegin gildi, þar sem nýjar mælingar vega hærra en eldri mælingar.

Fjárfestingarstefna 2025

Áhættuvilji og áhættuþol

Við ákvörðun stjórnar á áhættuþoli og áhættuvilja Aldursdeildar er það vilji stjórnar að samsetningu eignasafns sé þannig háttað að litlar líkur séu á því að skerða þurfi réttindi til skamms tíma og að deildin muni geta staðið við skuldbindingar sínar til framtíðar.

Áhættuvilji stjórnar er varðar fjárhagslega áhættu, mótaðilaáhættu og lausafjáraáhættu birtist í viðmiðum hennar um samsetningu eignasafns en af samsetningu þess ráðast áhættueiginleikum þess, þ.m.t. flökt og fjárhæð í húfi (VaR) og tapslíkur vegna viðskipta og mótaðila.

Áhættuþol stjórnar er varðar fjárhagslega áhættu, mótaðilaáhættu og lausafjáraáhættu birtist í þeim vikmörkum og skorðum sem stjórn setur einstökum áhættuþáttum og ráða því m.a. hversu mikið eignastýring getur vikið frá viðmiðum stjórnar um eignasamsetningu.

Viðmið er varða einstaka áhættuþætti

Sjóðurinn setur sér viðmið um einstaka áhættuþætti er varða fjárhagslega áhættu og mótaðilaáhættu sem hér segir:


- Viðmið deildarinnar er að hlutfall erlendra eigna í safninu sé 35%. Markmið um gjaldmiðlasamsetningu erlendra eigna, bæði í heild og innan eftirfarandi tegundaflokka (innlána, hlutdeildarskírteina og hluta í UCITS-sjóðum, hlutabréfa félaga og hlutdeildarskírteina eða hluta annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu), er að samanlagt hlutfall USD og EUR fari ekki niður fyrir 80% af erlendu safni.
- Miðað við 30.9.2025 eru 48% deildarinnar skuldabréf sem færð eru á bókfærðri kröfu sem áformað er að varðveita til lokagjalds. Af því leiðir að um 52% eigna deildarinnar teljast því vera í virkri stýringu.
- Þar sem nær öll skuldabréf Aldursdeildar eru útgefin af ríki eða sveitarfélögum, fjármálastofnunum eða eru með veði í fasteign eru ekki sett sérstök viðmið varðandi atvinnugreinaskiptingu innlendra skuldabréfa.
- Viðmið varðandi atvinnugreinaskiptingu innlendra hlutabréfa er atvinnugreinaskipting OMX Iceland All-Share vísitölunnar sem inniheldur 20 skráð félög.
- Viðmið varðandi atvinnugreinaskiptingu erlendra hlutabréfa er atvinnugreinaskipting heimsvísitölu Morgan Stanley (MSCI World Index).
- Áhætta utan efnahags takmarkast almennt við skuldbindingar vegna fjárfestingaloforða, undantekningar frá því þarfnast staðfestingar stjórnar.
- Viðmið fyrir VaR (fjárhæð í húfi) er VaR fjárfestingastefnu.

Viðmið um vægi eignaflokka

Viðmið um vægi eignflokka ákvarða heildar fjárhagslega áhættu viðmiðunareignasafns (flökt og VaR eignasafnsins) og eru þau valin með hliðsjón af áhættuvilja sjóðsins.

Til að skoða eignasamsetningu fjárfestingarstefnu 2026 m.t.t. væntrar nafnávöxtunar og áhættu er reiknað svokallað framfall (e. efficient frontier), þar sem vænt ávöxtun er á lóðréttum ás og áhætta

(flökt) er á láréttum ás. Þess ber að geta að við vinnslu framfalls er ekki gerður greinamunur á skuldabréfum sem haldið er til lokagjalddaga eða þeirra sem gerð eru upp á markaðskröfu. Útreikningar framfalls miðast við vænt markaðsvirði sem þýðir að áhætta (flökt) skv. framfalli er hærri en áhættan (flöktið) í uppgjöri m.v. kaupkröfu en deildin færir meirihluta skuldabréfa á kaupkröfu þar sem ætlunin er að eiga bréfin til lokagjalddaga. Framfallið hefur þann eiginleika að í jaðri þess fæst sú eignasamsetning sem gefur hæstu ávöxtun fyrir gefna áhættu (flökt). Einnig má sjá hvar núverandi eignasafn lendir á myndinni m.t.t. áhættu og væntrar nafnávöxtunar.



Mynd 6: Framfall ávöxtunar og áhættu

Í töflunni er tilgreint viðmið um vægi einstakra eignaflokka fjárfestingastefnu 2026.

	Viðmið
A	Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)
	Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)
B	Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
	Innlán (B.b)
	Sértryggð skuldabréf (B.c)
C	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)
	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
D	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)
	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
E	Hlutabréf félaga (E.a)
	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)
	Fasteignir í aðildarríki OECD eða EES eða Færeyjum (E.c)
F	Afleiður sem draga úr áhættu (F.a)
	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður (F.b)
	100%

Eignir í erlendum gjaldmiðli	35,0%
------------------------------	-------

Vikmörk og skorður

Sjóðurinn hefur sett sér skorður hvað varðar fjárfestingaákvæðanir og vikmörk og skorður um einstaka áhættuþætti er varða lífeyristryggingaáhættu, fjárhagslega áhættu, mótaðilaáhættu og lausafjáráhættu sem nánar er fjallað um hér að neðan.

Vikmörk og skorður

- Að tryggingafræðileg staða fari aldrei undir -10% né undir -5% samfellt í fimm ár.
- Samanlögð eign deildarinnar í fjármálagerningum öðrum en innlánnum, útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir Afleiður og aðra fjármálagerninga undir eignaflokki F. Þrátt fyrir framangreindar takmarkanir er heimilt að binda allt að 10% heildareigna í sértryggðum skuldabréfum undir eignaflokki B.c. sama útgefanda. Engar slíka takmarkanir skulu vera á verðbréfum með ríkisábyrgð undir flokki A.a.
- Afleiður skulu eingöngu notaðar til að draga úr áhættu eignarsafnsins og skal heildarstaða þeirra ekki vera umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Þá skal heildarstaða afleiða á móti sama mótaðila ekki vera umfram 5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
- Samanlögð eign deildarinnar í fjármálagerningum og innlánnum sama viðskiptabanka eða sparisjóðs skal vera innan við 25% heildareigna.
- Ekki er heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum (UCITS) eða einstakri deild þeirra. Þessi takmörkun gildir um Aldursdeild og Hlutfallsdeild sameiginlega.
- Ekki er heimilt að eiga meira en 20% af hlutafé í hverju félagi eða hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild þeirra. Þessi takmörkun gildir um Aldursdeild og Hlutfallsdeild sameiginlega.
- Samanlögð eign deildarinnar í hlutdeildarskírteinum og hlutum í UCITS (C.b.), hlutabréfum félaga (E.a.) eða hlutdeildarskírteinum og hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b) skal vera innan við 60% af hreinni eign deildarinnar. Þrátt fyrir framangreinda takmörkun er heimilt að binda að auki allt að 10% heildareigna í innlendum skammtímasjóðum sem fjárfesta fyrst og fremst í innlánnum og í peningamarkaðsskjölum útgefnum af ríki, sveitafélögum og fjármálafyrirtækjum.
- Aldursdeild á ekki hlut í félögum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn.

- Eign deildarinnar í verðbréfasjóðum og fjárfestingasjóðum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu innan sama rekstrarfélags skal ekki vera hærri en 25% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
- Hlutdeild óskráðra verðbréfa skal ekki fara yfir 20%, að undanskildum skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign.
- Hámarks fasteignaveðlán til einstaklinga samkvæmt útlánareglum er 70 m.kr. og takmarkast við 70% veðhlutfall í íbúðarhúsnæði.
- Neðri vikmörk fyrir VaR eignasafns er að það fari ekki meira en 1,5% undir VaR fjárfestingastefnu.
- Að lágmarki skal 20% af deildinni vera bundið í eignum sem eru auðseljanlegar og hægt að selja með skömmum fyrirvara ef þörf krefur.
- Að lágmarki skal lausafé vera jafnt væntu útlæði deildarinnar næstu 2 mánuði. Við stýringu lausafjár skal horfa til óbundinna innlánsreikninga, lausafjársjóða, víxla og afborgana skuldabréfa.
- Að meðallíftími skuldabréfa og innlána fari ekki undir 6 ár.
- Verðtryggingahlutfall deildarinnar skal ekki fara undir 25% af heildareign deildarinnar.

Fjárfestingarákvarðanir

Í 3. tölulið 1. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaga kemur fram að fjárfestingar sjóðsins skulu byggðar á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi hvers eignasafns í heild í huga. Viðmið og reglur varðandi slíka greiningu eru sett í verkferlum sjóðsins og fjárfestingaheimildum framkvæmdastjóra.

Í því sambandi er skilgreint innan hvaða marka heimilt er að eiga viðskipti með fjármálagerninga og hvers konar greining og/eða upplýsingaöflun skal fara fram. Þá er eftir atvikum m.a. miðað við fjárhæð viðkomandi viðskipta, hlutfall þeirra af eignum sem og eðli fjármálagerninga auk þess sem siðferðisleg viðmið sjóðsins eru höfð til hliðsjónar.

Stjórn sjóðsins hefur skilgreint fjárfestingarheimildir framkvæmdastjóra og teljast fjárfestingar sem ekki rúmast innan þeirra heimilda sem meiriháttar eða óvenjulegar. Ákvarðanir um fjárfestingar sem falla utan heimilda framkvæmdastjóra skulu samþykktar af stjórn. Þá krefjast fjárfestingar þriðja aðila, sem falla utan eignastýringarsamnings, samþykkis framkvæmdastjóra sem sækir heimild stjórnar ef við á.

Við mat á einstökum fjárfestingum er áhætta fjárfestingarinnar metin með hliðsjón af þeim eignaflokki sem hún tilheyrir, m.a. hvað varðar gæði, öryggi, lausafjárstöðu og arðsemi. Við mat á hlutabréfum er m.a. horft til sjóðstreymis, fjárhagslegrar stöðu, rekstrarafkomu og viðeigandi kennitalna eftir því sem við á hverju sinni m.t.t. eðli starfsemi og rekstrarumhverfis. Við mat á skuldabréfum er lagt mat á skilmála hvers bréfs fyrir sig m.a. tryggingaveð, fjárhagslega stöðu útgefanda, greiðslugetu, lánsþæfismat, rekstrarafkomu eftir því sem við á hverju sinni m.t.t. eðli starfsemi og rekstrarumhverfis. Þá hefur sjóðurinn sett mörk um heildaráhættu á hvern útgefanda.

Í sérhæfðar fjárfestingar er almennt farið í gegnum sjóði í stýringu ytri stýringaraðila sem uppfylla kröfur Lífeyrissjóðs bankamanna um þekkingu og reynslu stýringaraðila og öryggi og gæði fjárfestinga. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á undirbúningi, öflun gagna og greiningu en stjórn sjóðsins tekur endanlega ákvörðun um fjárfestingu meðal annars með hliðsjón af öryggi, gæði fjárfestingar, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild.

Vikmörk á vægi eignaflokka

Vikmörk á vægi einstakra eignaflokka ákvarða hversu mikið eignastýring getur vikið frá viðmiði um samsetningu viðmiðunareignasafns og þar með hversu mikið hægt er að auka fjárhagslega áhættu (flökt og VaR) umfram viðmiðunareignasafn.

		Vikmörk	
		Lágmark	Hámark
A	Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)	0,0%	30,0%
	Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)	0,0%	10,0%
B	Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)	0,0%	15,0%
	Innlán (B.b)	0,0%	15,0%
	Sértryggð skuldabréf (B.c)	0,0%	20,0%
C	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)	0,0%	10,0%
	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)	10,0%	40,0%
D	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)	5,0%	25,0%
	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)	0,0%	10,0%
	Hlutabréf félaga (E.a)	0,0%	20,0%
E	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)	5,0%	25,0%
	Fasteignir í aðildarríki OECD eða EES eða Færeyjum (E.c)	0,0%	2,0%
F	Afleiður sem draga úr áhættu (F.a)	0,0%	10,0%
	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður (F.b)	0,0%	2,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðli		20,0%	45,0%

Eignaflokkar skv. lögum nr. 129/1997:

- | | |
|---|---|
| <p>A.a. Fjármálagerningar sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjar gefa út eða ábyrgjast.</p> <p>A.b. Skuldabréf tryggð með veði í fasteign, enda fari veðhlutfall ekki umfram 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 50% af markaðsvirði annarra fasteigna við lánveitingu.</p> <p>B.a. Fjármálagerningar sem sveitarfélög eða Lánasjóður sveitarfélaga ohf. gefa út eða ábyrgjast.</p> <p>B.b. Innlán viðskiptabanka og sparisjóða.</p> <p>B.c. Skuldabréf samkvæmt lögum um sértryggð skuldabréf og samsvarandi skuldabréf útgefin í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.</p> <p>C.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, að undanskildum kröfum sem um hefur verið samið að víki fyrir öllum öðrum kröfum.</p> <p>C.b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).</p> | <p>D.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga.</p> <p>D.b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.</p> <p>E.a. Hlutabréf félaga.</p> <p>E.b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Um getur verið að ræða fjárfestingarsjóði, fagfjárfestasjóði eða aðra sjóði þar sem undirliggjandi eignir geta verið mismunandi þ.m.t. innlán, skuldabréf og hlutabréf bæði skráð og óskráð.</p> <p>E.c. Fasteignir í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða í Færeyjum.</p> <p>F.a. Afleiður sem draga úr áhættu sjóðsins, enda sé viðmið þeirra fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, neysluverðsvísitölur, verðbréfavísitölur, vextir eða gengi erlendra gjaldmiðla.</p> <p>F.b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður.</p> |
|---|---|

Endurskoðun fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna þessi skal tekin til endurskoðunar eftir því sem ástæða er til að teknu tilliti til framangreindra markmiða um ávöxtun og áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni. Ársfjórðungsleg skoðun eignasafnsins samkvæmt áhættustefnu er liður í því að kanna hvort ástæða er til að endurmeta gildandi fjárfestingarstefnu á hverjum tíma. Breytingar á fjárfestingarstefnu skulu gerðar skriflega.

Reykjavík, 25. nóvember 2025

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna

			Vikmörk		Hámark skv samþ.	Gengisbundið	Vikmörk		Óskráð	Vikmörk			
			Staða	Viðmið	Lágmark	Hámark		Lágmark	Hámark		Lágmark	Hámark	
A	Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)		8,5%	7,0%	0,0%	30,0%		0,0%	0,0%	30,0%	0,0%	0,0%	10,0%
	Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)		3,5%	4,0%	0,0%	10,0%		0,0%	0,0%	10,0%	3,5%	0,0%	10,0%
B	Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)		6,2%	7,0%	0,0%	15,0%		0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%
	Innlán (B.b)		3,0%	1,0%	0,0%	15,0%		1,6%	0,0%	15,0%	0,0%	0,0%	15,0%
	Sértryggð skuldabréf (B.c)		3,2%	4,0%	0,0%	20,0%		0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%
C	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)		1,2%	1,0%	0,0%	10,0%	80,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	2,0%
	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)		25,9%	28,0%	10,0%	40,0%	80,0%	24,8%	10,0%	45,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)		17,6%	18,0%	5,0%	25,0%	60,0%	0,0%	0,0%	20,0%	0,0%	0,0%	5,0%
	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)		6,1%	6,0%	0,0%	10,0%	60,0%	0,0%	0,0%	10,0%	1,0%	0,0%	5,0%
E	Hlutabréf félaga (E.a)		12,5%	12,0%	0,0%	20,0%	60,0%	1,8%	0,0%	20,0%	4,8%	0,0%	10,0%
	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)		12,3%	12,0%	5,0%	25,0%	60,0%	4,3%	0,0%	25,0%	5,6%	0,0%	15,0%
	Fasteignir í aðildarríki OECD eða EES eða Færeyjum (E.c)		0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	60,0%	0,0%	0,0%	2,0%	0,0%	0,0%	2,0%
F	Afleiður sem draga úr áhættu (F.a)		0,0%	0,0%	0,0%	10,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%
	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður (F.b)		0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	2,0%
			100,0%	100,0%				32,5%					

Eignir í erlendum gjaldmiðli	32,5%	35,0%	20,0%	45,0%						11,4%
------------------------------	-------	-------	-------	-------	--	--	--	--	--	-------

Undirritunarsíða

Ástríður Hjördísar Gísladóttir

Varaformaður stjórnar
Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir

Jón Fannar Guðmundsson

Formaður stjórnar
Sigurður Kári Tryggvason

Sindri Reynisson

Steinunn Anna Hannesdóttir

Framkvæmdastjóri
Tryggvi Tryggvason